



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000

VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 28. AGÚST 2024 // 32. TBL. // 45. ÁRG.

DREIFT Á SUÐURNESJUM OG Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU • ÓKEYPIS EINTAK

Vitadagar
í Suðurnesjabæ



- Sjá blaðið í dag



Ennþá er mjög mikil hættu á jarðfalli ofan í sprungur, sprunguhreyfingum, gosopnun, hraunflæði, gjósku, gasmengun og jarðskjálftum á Sundhnúkagígaröðinni. Svæðið þar sem nú gýs norðaustur af Stóra-Skógfelli fellur undir þessa viðvörðun. Hættumat fyrir Grindavík hefur verið lækkað. Niunda eldgosíð á Reykjanesskaga frá árinu 2021 hófst sl. fimmtudagskvöld, 22. ágúst á Sundhnúkagígaröðinni. Það er jafnframt sjötta gosíð á þeirri gígaröð. Nú gýs nyrst á gossprungunni sem alls náði að verða sjö kílómetra löng, þó ekki hafi gosíð á allri sprungunni samtímis. Yfirstandandi gos er á þeim hluta sprungunnar sem opnaðist nokkrum klukkustundum eftir að gosíð kom fyrst upp. Á myndinni má sjá lífliga kvikustróka eins og þeir blöstu við vegfarendum um Reykjanesbraut síðasta föstudag. VF/Hilmar Bragi

Engin ástæða til óttast að mannvirkin séu gjörónýt

„Það er engin ástæða til hræðslu þrátt fyrir að bryggjan sé búin að síga, við erum á verði en munum ekki fara út í neinar dramatískar fyrirbyggjandi aðgerðir að svo stöddu,“ segir Sigurður Kristmundsson, hafnarstjóri Grindavíkurhafnar. Við hamfarirnar í nóvember og aftur í janúar, seig land í Grindavík nokkuð. Á hafnarsvæðinu seig Kviabryggja um 30 til 40 sentimetra í viðbót við þá 50 sentimetra sem land í Grindavík hefur sigið síðan 1980.

Sigurður segir að hafnarstarfsmenn muni vakta hafnarsvæðið eftir því sem hægt er þegar stórstraumsflóð ber upp og skýrði út hvað er í gangi þá.

„Tími milli flóðs og fjöru er rúmlega sex klst. Því flæðir tvisvar að og frá á rúmlega sólarhring. Stórstraumsflóð og -fjara verða á u.þ.b. tveggja vikna fresti þegar jörðin, sólin og tunglið eru í beinni línu, þ.e. þegar tungl er fullt og svo á nýju tungli. Munur milli háflæðis og fjöru er þá mestur. Að sama

skapi er smástraumsflóð og -fjara um viku síðar. Stórstraumsflóð í Grindavík er alltaf kl. 7 og 19 á tveggja vikna fresti. Þegar svo ber undir að í stórstreymi, í stífri suðlægrri vindátt með hárrí ölduhæð og löngum sveiflutíma ásamt lágum loftþrýstingi, er nánast öruggt að sjór muni flæða yfir bryggjur og við erum að undirbúa okkur undir þannig atburði. Vegagerðin hefur

keypt 100 metra flóðvarnargirðingu sem er sett saman af fimm metra löngum hylkjum sem fyllt eru af sjó eða vatni. Við sjáum fyrir okkur að setja flóðvarnargirðingar á þau svæði sem Vegagerðin mun ásamt okkur meta sem mest útsett fyrir flóðahættu sem er vestasta bryggjan okkar í Grindavík, hún hefur alltaf verið lægst og seig mest að undanfögnu.

Það er engin ástæða til óttast að mannvirkin séu gjörónýt, við tökum á þessu þegar þar að kemur og ég trúi því staðfastlega að við spýtum rækilega í lófana og hefjum uppbyggingu bæjarins. Eldgosin eru að færa sig fjær Grindavík og okkur því ekkert að vanbúnaði að hefjast handa. Ég á ekki von á neinu öðru en höfnin verði iðandi af lífi eftir áramót þegar vertíðin

hefst en skipstjórnarmenn hafa haldið að sér höndum að undanfögnu, eðlilega kannski þar sem eldgos var í aðsigi. Það brast loksins á, fjarri Grindavík og ég á ekki von á öðru en bátar og skip muni fylla Grindavíkurhöfn áður en langt um líður,“ sagði Sigurður að lokum.



Eyjabakkinn í Grindavík á stórsstraumsflóði í Grindavík í síðustu viku. VF/Hilmar Bragi



Sjór flæddi upp á Seljabót við Kviabryggjuna á stórsstraumsflóðinu í síðustu viku.

16 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM

Kvikuframleiðni gossins virðist vera nokkuð jöfn

Gosið á norðurhluta Sundhnúkareinarinnar heldur áfram á þremur til fjórum gosopum og tilheyrandi hraunflæði. Kvikuframleiðni gossins virðist vera nokkuð jöfn, en þrátt fyrir það er talsverður breytileiki í formi og hæð kvikustrókanna. Þegar einn efflist þá virðist draga úr hinum. Þess vegna er líklegast að þessi hegðun komi til af því að stærð (flatarmál) gosopanna verður fyrir stöðugum breytingum. Eina stundina lúmist kvika á gosrásarveggina og þrengir gosopið, sem leiðir til hærri stróka. Annan tíma rífur kvikan hluta af gosopsveggjunum með sér og víkkar þá gosopið. Þá verða strókarnir lægri. Þetta segir Þorvaldur Þórðarson, prófessor í eldfjallafræði við Háskóla Íslands, í pistli sem hann skrifar á síðu Rannsóknareiningar í eldfjallafræði og náttúruvá við HÍ.

Þorvaldur segir að annað sem er athyglisvert við þetta sjötta gos á Sundhnúkareininni er hversu langt gossprungan hefur teygst sig til norðurs eftir Sundhnúkareininni. Gosið á reininni fyrir 2500 árum gerði slíkt hið sama og viðheldur virkninni á þeim hluta reinarinnar. Á sama tíma slökknadi á syðri hluta reinarinnar, þar sem meginþungi virkninnar hefur verið í fimm undanförunum gosum, þ.e. frá 18. desember 2023 til 22. júní 2024. Þorvaldur segir það vera hugsanlegt að þessi tilfærsla á virkninni stafi af breytingum á gosrásarkerfinu neðanjarðar og að stóri skjálftinn seint þann 22. ágúst 2024 (kl. 22:37:38; stærð 4.1) og þeir sem á eftir fylgdu séu tengdir hreyfingunum sem ollu þessum breytingum.



Frá eldgosinu sl. sunnudag. Gígarnir eru að hlaðast upp nyrst á gossprungunni norðaustan við Stóra-Skógfell. VF/Isak Finnbogason

Hraun runnið yfir sveitarfélaga- mörk Grindavíkur og Voga

■ Ekkert sem bendir til dramatískra breytinga á landsigi ■ Sennilegt að þetta verði keimlíkt og síðustu tvö gos

Hraun úr sjötta eldgosinu á Sundhnúkagígaröðinni hefur náð þeim áfanga að renna yfir sveitarfélagamörk Grindavíkurbæjar og Sveitarfélagsins Voga. Eldgosið, sem hófst fimmtudagskvöldið 22. ágúst kl. 21:26, er áberandi stærsta gosið til þessa af þeim eldgosum sem orðið hafa á Sundhnúkagígaröðinni frá 18. desember 2023.



Allt hreint
Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

VF NÁTTÚRUVÁ
Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vt.is

„Þetta er áberandi stærsta gosið til þessa. Mælingar í dag [mánudag] benda til tæplega 50 milljón rúmmetra á fyrstu fjórum dögum, fimmtudagskvöld til eftirmiðdags á mánudag. Þetta er heldur meira en kom upp í öllu síðasta gosi. Jafnframt er hraunið nú 12 km², meðan að gosið í maí var u.þ.b. 8,5 km²“, segir Magnús Tumi Guðmundsson, prófessor í jarðeðlisfræði við Háskóla Íslands, í samtali við Víkurfréttir.

„Þetta er í takt við fyrri hegðun. Gosin fara stækkandi með tíma og hlutfallslega meira af kvikunni sem flæðir undan Svartsengi leitar upp til yfirborðs en var í fyrstu atburðunum frá nóvember til febrúar. Þetta er í sjálfu sér eðlileg þróun, þar sem gliðnun er nú tiltölulega lítil, minni gangar og stærri hraun“, segir Magnús Tumi.

Magnús Tumi segir kvikuna vera að koma frá sama stað undan Svartsengi eins og hin gosin. Landsig sýni það mjög vel en land í Svartsengi hefur sigið um u.þ.b. 40 mm frá því eldgosíð hófst.

Hvað er virknin í eldgosinu fram til þessa að sýna okkur?

„Í meginatriðum er þetta gos að hegða sér eins og mars- og maigösin. Mjög öflug fyrstu tímana og svo dregur hratt úr. Sennilega var hámarksflæði 1.500–2.000 m³/s í kannski fjóra til fimm tíma. Þessi öflugi byrjunarfasi var lengri en í síðasta gosi. Jafnframt var sprungan að lengjast í nokkra klukkutíma. Ekki gott að segja um þróunina, en sennilegt að þetta verði keimlíkt og síðustu tvö gos.“

Land er enn að síga yfir kvikuþrónni undir Svartsengi. Þá voru um 50 m³/s af kviku að koma upp úr gígnum á mánudag, sem er meira en í öðrum gosum á þriðja degi. Eins og áður þá dregur úr rennslinu með tíma.

„Landsigið er meira en síðast sem þýðir að útrennslið er í heildina töluvert meira en var í maí og miklu meira en í mars. Mest af landsiginu er komið fram og ekkert sem bendir til dramatískra breytinga á því ferli“, segir Magnús Tumi.

Er þessi opnun svona langt til norðurs eitthvað að koma þér á óvart? Getur þetta þýtt að næstu gos séu að fjarlægjast Grindavík?

„Ég get ekki sagt að meiri opnun til norðurs hafi komið á óvart. Maður átti alveg eins von á að þetta myndi gerast. Það var búið að fara svo mikið til suðurs í hinum gosunum að sennilega er öll spennan þar útleyst, meðan að á norðurhlutanum var enn spennan eftir. Ef gosin verða fleiri, sem er ekkert ólíklegt ef þetta hegðar sér svipað og hin gosin, er erfitt að segja til um að þessi færsla sé komin til að vera. Við sáum til.“



Eldgosið á Kálffellsheiði, norðaustan við Stóra-Skógfell, hefur vakið mikla athygli. Umferðaröngþveiti hefur skapast við Reykjanesbraut frá því gosið kom upp að kvöldi 22. ágúst. Fólk hefur verið að stoppa bíla sína úti í kanti til að virða fyrir sér það stórfenglega sjónarspil sem eldgosíð er. Lögregla og aðrir viðbragðsaðilar hafa átt fullt í fangi með að reka öku- menn úr vegarkantinum frá Vogum og langt upp á Stapann. Myndin hér að ofan sýnir öngþveiti á mislögum gatnamótum við Voga. Þar hefur bílum verið lagt þétt og fólk síðan gengið upp á nálæga hæð til að hafa útsýni yfir gosstöðvarnar. Nú hafa verið sett upp skilti á Reykjanesbrautina sem segja til um að þar sé bannað að stöðva og leggja. VF/Hilmar Bragi

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS Í BÍLNUM
SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900 **f** FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



KJÖRBÚÐIN

VERSLUN Í HEIMABYGGÐ




Fleiri grænir punktar

Við viljum þakka viðskiptavinum fyrir góðar viðtökur á grænu punktunum og höfum nú fjölgað vörum á lágvöruverði í yfir 2.000.

Takk fyrir viðskiptin!



Finndu grænu punktana!





Litaganga við upphaf Vitadaga í Suðurnesjabæ

Fjölbreytt dagskrá Vitadaga – hátíðar milli vita, er hafin í Suðurnesjabæ. Hátíðin hófst á mánudaginn og var formlega sett á mánudagskvöld við golfvöllinn að Kirkjubóli. Þangað gengu fylkingar íbúa í Garði og Sandgerði og mættust á miðri leið þar sem var grillað og boðið upp á kjötsúpu. Viðburðir eru alla daga fram á sunnudag en hátíðin mun ná hámarki á laugardaginn með mikilli hátíð við Sandgerðis-skóla. Ljósmyndari Víkurfrétta var við setningarathöfnina og tók þá meðfylgjandi ljósmyndir.



Hobbitarnir frá Sandgerði fagna tuttugu ára afmæli

„Ég var búinn að vera í bandi sem lagði upp laupana, hafði heyrt í Hlyni Þór syngja og spila og heyrði í honum, Hobbitarnir fæddust og hér erum við enn, tuttugu árum seinna,“ segir Sandgerðingurinn og tónlistarmaðurinn Ólafur Þór Ólafsson. Dúettinn kemur fram á Snúrunni í Sandgerði á fimmtudaginn og hljómsveitin spilar á Paddy's í Reykjanesbæ á Ljósanótt í næstu viku.

SUDURNESJABÆR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vfi.is



Ólafur var ekki gamall þegar hann byrjaði í tónlist og það er eins með hann eins og svo marga sem gefa sig á vald tónlistargögnunni, það er erfitt að losna við bakteríuna.

„Ég lærði ungur á gítar og var í hinum og þessum bílsskúrhljómsveitum sem gutti. Árið 2004 var ég í hljómsveit sem dó drottinn sínum, ég var með möppu fulla af ábreiðulögum og vildi halda áfram. Ég hafði heyrt í Hlyni Þór Valssyni sem er keflvískur Sandgerðingur, fannst hann flottur söngvari og eins spilaði hann á kassagítar og hafði samband við hann. Hlynur var til í að hitta mig og við prófuðum að renna í sum þessara laga. Við smullum vel saman, fengum fljótlega gígg í heimahúsi sem gekk vel og þar með byrjaði boltinn að rúlla.

Það var fyrrverandi eiginkona mín sem átti hugmyndina að nafninu Hobbitarnir, bæði voru Hringadrottinnssögumyndirnar þarna í algleymsi en svo litum við Hlynur kannski nett úr eins og Hobbitar svo nafnið passaði vel. Fyrst vorum við bara tveir en svo bættust bassaleikarinn Pálmars

Guðmundsson og Njarðvíkingurinn Ólafur Ingólfsson á trommur við og þá kölluðum við okkur Föruneytið og spiluðum mikið á Paddy's en líka víðs vegar um landið. Gígginn á Paddy's á þessum tíma voru söguleg og efast ég um að hægt yrði að bjóða tónlistarfólki í dag upp á þá maraþonspilamennsku sem þarna var í gangi, við byrjuðum um miðnætti og vorum á fullu til að verða sex! Blessunarlega hefur þetta nú breyst í dag en ég hlakka mikið til að koma á Paddy's á Ljósanótt, það er alltaf mjög gaman að spila þar.

Fyrir tæpum tíu árum síðan byrjaði dæmi í Sandgerði sem við Hlynur áttum þátt í að búa til, Snúran. Jónas og Hjördís sem reka tjaldsvæðið í Sandgerði, datt í hug að hengja upp snúrur á pallinum hjá sér svo gestir gætu hengt upp og þurrkað þvottinn sinn og hugmynd fæddist hjá Hlyni, að við myndum halda tónleika á þessum palli þar sem snúrurnar voru settar upp. Árin á eftir kom fleira tónlistarfólk að þessu og Snúran hefur fest sig í sessi. Væðurspáin er góð fyrir fimmtudaginn og við Hobbitarnir hlökkum mikið til að koma fram ásamt Daniel Hjalmtýssyni, Fríðu Dís og Soffíu Björg, sem öll ymist búa eða hafa tengsl við Sandgerði.

Svo er ég líka hluti af rokkverkefni sem heitir Hljómsveitin



R.H.B. (Rolf Hausbentner Band), þetta er hugarfóstur Pálmars bassaleikara. Bandið hefur verið að taka upp plötu sem kemur út á næstu dögum og við félagarnir í Hobbitunum komum þar vel við sögu. Útgáfutónleikarnir hjá RHB verði í Bergi, einum sal Hljóma-hallarinnar í Ljósanæturvikunni, n.t. á fimmtudagskvöldinu. “

Skilnaðarpartý og opin æfing

Hobbitarnir eða Föruneytið, hefur víða komið fram á þeim tuttugu árum sem hljómsveitin hefur verið til og oft var hljómsveitin pöntuð í brúðkaup, jafnvel skírn, því fyrstu kynni viðkomandi voru á dansgólfinu undir dúndrandi spilamennsku hljómsveitarinnar. Ný hugmynd fæddist.

„Ég held að við gætum komið með útsmogið markaðstrix og boðist til að spila þegar fólk skilur,

auglýst skilnaðarpartý. Við höfum fengið mörg brúðkaupsgígg því brúðhjónin höfðu kynnst á balli með okkur og við höfum meira að segja leikið við skírn, foreldrarnir höfðu sömuleiðis kynnst á balli þar sem við spiluðum. Við gætum svo líka spilað í skilnaðarpartýinu fyrir þetta sama fólk.

Það er gaman að fagna tuttugu ára afmæli Hobbitanna, við Hlynur höfum mjög gaman að þessu og ég persónulega geri ekki ráð fyrir að losna við þessa tónlistarbakteríu úr mér enda engin ástæða til. Það er ofboðslega gefandi og gaman að standa á sviði og skemmta fólk með tónlist og í raun finnst mér allt við tónlist skemmtilegt, get talað endalaust um hana og vonast til að geta gert meira á næstunni eftir að ég er fluttur aftur til Sandgerðis. Ég var sveitarstjóri Tálknafjarðar frá 2020 en því lauk í sumar en eðlilega hægðist á tón-

listargögnunni á meðan ég var fyrir vestan. Það verður því gaman að hleypa henni meira á skeið og stefnum við Hlynur að því að gefa út nokkur lög áður en þetta ár er á enda. Annað sem við ætlum að gera er að halda opna æfingu og gefa fólk kost á að kíkja til okkar þar sem við rennum í minna þekkt lög. Við gerðum svipað þegar við spiluðum sem mest á Paddy's, buðum fólk þá upp á að senda okkur óskir í gegnum Facebook og fluttum viðkomandi lag. Þetta var mjög skemmtilegt, inn á milli óvenjuleg lög fyrir okkur að taka, lög sem söngkona hafði t.d. sungið en við gátum útsett á okkar máta og létum vaða. Mjög skemmtilegt og við ætlum að gera fullt af einhverju svona á þessum tímamótum, bæði til að halda upp á samstarfið og ekki síst vináttu okkar Hlyns,“ sagði Ólafur að lokum.

Heilsu- & lífsstílsdagar

29. ágúst–8. september

Allt að 25% afsláttur af 3.000 heilsu- og lífsstíls-
vörum og vegleg apptilboð á hverjum degi.

29. ágúst
fimmtudagur

35%
applsáttur



GoodGood

30. ágúst
föstudagur

40%
applsáttur



BodyLab

31. ágúst
laugardagur

40%
applsáttur



MUNA vítamín

1. september
sunnudagur

30%
applsáttur



Kristall

29. ágúst
fimmtudagur

50%
applsáttur



Sítrónur
(kg)

30. ágúst
föstudagur

50%
applsáttur



Avókadó
(2 í pk.)

31. ágúst
laugardagur

50%
applsáttur



Smáspínat
(125 g)

1. september
sunnudagur

50%
applsáttur



Engiferrót
(150 g)

Heilsu- & lífsstílsdagar
29. ágúst - 8. september 2024

Jana heilsukokkur
Allir geta eldað



Dorsteinn Rey og Marteinn Urbanió
Nálægt náttúrunni

Krista ketó
Góð næring breytir öllu

Stolt af íslenskrí
framleiðslu
MUNA vítamína

ALLT AÐ
25%
AFSLÁTTUR
OG APPTILBOÐ Á
HVERJUM DEGI



nettó



Afslátturinn birtist
sem inneign í appinu.
Sæktu appið og
byrjaðu að spara!



Skannið kóðann til
að lesa greinarnar
í blaðinu, skoða
tilboð og uppskriftir.

nettó

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



K Ú N G A R A V Ð Ö T S S O G
 Á L A B Ð Í T Á H R A J Æ B E
 L F Ð Æ R Ð Æ R Ý A N M R V R
 F U G J T N A M T G G Ú I O V
 F R Ó A É T S Ú E A Ó T N F I
 E A P R A H Ó A D R A G D A G
 L A T M B E D N G D H R I K R
 L P E Ö S L S O A S R E T S A
 S Ú Ý R E L D G O S E A G A S
 H S G K S U A E N Æ Ó B Ö T Ú
 E T R E B R S I Ó É G J U A P
 I Ö N G U L L T P J F A L L A
 Ð J Ö I Ð Æ L F N U A R H Ó K
 I K T U R U J G N E R P S K S
 A Í E M A K L L E F G Ó K S A

VITADAGAR
 LJÓSANÓTT
 ELDGOS
 GERVIGRAS
 GAMAN
 KJÓTSÚPA
 BÆJARHÁTÍÐ
 SKÓLATASKA
 SAGA
 BÆJARMÖRK

DRAGA
 SÆRINDI
 KELDA
 HELLUR
 SPRENGJUR
 FALLA
 GOSSTÖBVAR
 HRAUNFLÆLÐI
 HARPA
 ÖNGULL

Gangi þér vel!

Berglind ráðin framkvæmdastjóri Keilis

Berglind Kristjánsdóttir, forstöðumaður Háskólabrúar Keilis, hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra Keilis eftir að Nanna Traustadóttir hvarf til annarra starfa. Berglind hefur starfað í Keili síðustu átta ár sem forstöðumaður Háskólabrúar en miklar breytingar urðu á starfsemi skólans í vor þegar hluti hennar fluttist yfir til Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Berglind hefur lokið B.Ed. gráðu í kennslufræðum frá Háskóla Íslands. Auk þess hefur Berglind lokið viðbótardiplómu í menntastjórnun og matsfræði frá Háskóla Íslands og er á lokametrunum að ljúka við M.Ed. gráðu í stjórnun menntastofnana frá Háskóla Íslands.

Berglind býr yfir fjölbreyttri reynslu í skólastarfi og hefur jafnframt stjórnunarreynslu. Hún starfaði sem umsjónarkennari og fagstjóri í grunnskóla í 10 ár en hefur frá árinu 2016 sinnt starfi forstöðumanns Háskólabrúar Keilis. Í starfi forstöðumanns

Háskólabrúar sá hún um faglega þætti skólastarfsins sem og rekstur, mannauðsmál og almenna stjórnun innan námsleiðarinnar.

„Það var samstaða innan stjórnar að bjóða Berglinni að taka við starfi framkvæmdastjóra en hún er öllum hnúttum kunnug í rekstri skólans og hefur allt til brunns að bera til að leiða starf skólans í náninni framtíð,“ segir Guðmundur Axel Hansen, formaður stjórnar Keilis.

„Keilir hefur verið stór hluti af því að móta mig sem manneskju og starf mitt innan Keilis síðastliðin 8 ár hefur gefið mér víðtæka reynslu sem hefur styrkt mig sem fagmanneskju og stjórnanda. Hér starfar fólk af mikilli hugsjón og leggur sig fram að veita framúrskarandi þjónustu og sinna nemendum af alúð. Breytingar á starfsemi Keilis síðastliðin ár hafa verið krefjandi en ég hef mikla trú á að sú starfsemi sem eftir stendur eigi eftir að halda áfram að vaxa og dafna. Ég mun leggja mig fram við verkefni stór sem smá og síðast en



ekki síst hlúa að þeim mannaúði sem starfar í Keili sem og okkar nemendum. Í starfi framkvæmdastjóra Keilis sé ég fyrst og fremst fyrir mér að skapa samheldni og starfsumhverfi þar sem starfsfólk blómstrar í sínu starfi sem hefur svo áfram áhrif á okkar nemendur og orðspor Keilis. Huga þarf vel að þeim rekstri sem er til staðar sem og fjármunum Keilis. Ég er þakklát fyrir traust stjórnar og tækifærið að taka við keflinu,“ sagði Berglind Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Keilis.



Nýtt fiskveiðiár framundan

Aramót framundan. Nei, ekki nýtt ár sem við fögnum með því að sprengja í burtu gamla árið – hérna er ég að tala um nýtt fiskveiðiár sem er framundan.

Þegar leið á ágústmánuðinn fjölgaði aðeins bátunum sem fóru að róa frá Suðurnesjum og til að mynda þá kom dragnótabáturinn Maggý VE til Sandgerðis og hefur landað þar 19 tonnum í tveimur róðrum. Þar er Siggí Bjarna GK sem hefur landað 60 tonnum í níu róðrum núna í ágúst.

Og loksins er fyrsti línubáturinn sem landar á Suðurnesjum kominn á veiðar og er það Dúddi Gísla GK sem er búinn að fara í tvær sjóferðir – og reyndar er ég ekki með töluna um seinni róðurinn hjá bátunum en fyrri róðurinn var 5,6 tonn í einni löndun og var báturinn við veiðar út af Sandgerði.

Tveir Vísibátar komu til Sandgerðis með afla. Sighvatur GK kom með 76,4 tonn og var báturinn líka við veiðar út af Sandgerði og Páll Jónsson GK kom þremur dögum á undan Sighvati til Sandgerðis með 122 tonna afla. Er þetta í fyrsta skipti sem Páll Jónsson GK og Sighvatur GK landa í Sandgerði. Reyndar hefur báturinn sem heitir Sighvatur GK landað áður í Sandgerði því að frá 1993 til 2001 hét þessi sami bátur Arney KE 50 og landaði þá oft í Sandgerði, bæði netaafla, loðnu og síld. Þar á undan hét þessi bátur reyndar Skarðsvík SH og kom þá af og til Sandgerðis með loðnu. Sighvatur GK fór síðan í annan túr og endaði í Njarðvík og þaðan í slipp því að skiptiskrúfan bilaði í bátunum.

Í Keflavík eru þrír netabátar komnir af stað og allt eru það bátar sem eru að veiða fyrir Hólmgrím. Þetta eru Addi Afi GK sem er kominn með 10,4 tonn í átta róðrum, Sunna Líf GK sem er með 20 tonn í níu róðrum og Svala Dís

KE sem er með 4,3 tonn í tveimur róðrum.

Línubátarnir frá Suðurnesjum sem eru á Austur- og Norðurlandinu hafa átt ágætis mánuð. Til að mynda er Margrét GK með 89 tonn í átján róðrum frá Hólmavík, Óli á Stað GK 81 tonn í tólf róðrum, Hópsnes GK 42 tonn í tíu róðrum, Gulltoppur GK 31 tonn í níu og Geirfugl GK 31 tonn í sjö. Allir þessir bátar að landa á Skagaströnd og eru allir í eigu Stakkavíkur, reyndar er einn bátur til viðbótar sem Stakkavík á en sá bátur hefur ekki landað neinum afla síðan í apríl á þessu ári, sá bátur heitir Katrín GK og hefur legið í Sandgerði. Reyndar þá hefur Katrín GK aðeins landað 4,8 tonnum í einni löndun allt þetta ár, 2024.

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



Báturinn sem áður hét Sævík GK er kominn á veiðar og er kominn með nýtt nafn. Heitir báturinn núna Fjölnir GK. Reyndar heitir báturinn Fjölnir GK, eða eins og þetta er kallað danskt Ö. Ég mun reyndar nota íslenska ö-ið þegar ég skrifa um þennan bát í komandi pistlum. Núna er Fjölnir GK kominn með 55,5 tonn í sex róðrum og landar á Neskaupstað.

Með þessari nafnabreytingu þá var hinum krókabátunum sem Vísir ehf. gerði út, Daðey GK, lagt og allur kvótinn sem var á Daðey GK er núna kominn yfir á Fjölni GK (þessum með danska ö-inu).

SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bílaveiðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

PORVALDUR
 TANNLÆKNIR

Við bjóðum Helenu tannlækni velkomna á tannlæknastofuna Tjarnargötu 2.

Allir nýir viðskiptavinir velkomnir!
 Tímabókanir í síma 421-1030.

Þorvaldur tannlæknir, Þórir tannlæknir og starfsfólk.


HÁTÍÐ MILLI VITA

VITADAGAR

**Óskum íbúum í Suðurnesjabæ
og gestum góðrar skemmtunar
á Vitadögum - hátíð milli vita**



Vitadagar - hátíð milli vita, 26. ágúst til 1. september í Suðurnesjabæ



Garðskagi er einn fjölsóttasti ferðamannastaður landsins. Lighthouse INN er skammt frá og sést hægra megin á myndinni.

Við verðum líka að sameina íbúana

■ segir Gísli Heiðarsson, formaður Knattspyrnufélagsins Víðis í Garði. Rekur með bræðrum sínum hótél á Garðskaga sem er með nærri 100% nýtingu. Annar aðili byggir baðaðstöðu með heitum potti og sjósundi í fjörunni við Garðskaga. Reykjanes á helling inni sem ferðamannastaður.

„Framtíð ferðaþjónustu í Garðinum og á Reykjanesi í heild sinni er björt,“ segir Gísli Heiðarsson, einn þriggja eigenda hótelsins Lighthouse Inn í Garðinum, hinir eigendurnir eru eldri bræður hans, Einar og Þorsteinn. Gísli er framkvæmdastjóri en vel hefur gengið allar götur síðan hótelið hóf göngu sína árið 2017. Þar áður höfðu bræðurnir rekið gistiheimilið Guesthouse Garður frá árinu 2009 og fyrir það höfðu þeir verið í fiskvinnslu en ákváðu að venda kvæði sínu í kross og sjá ekki eftir því. Lighthouse Inn hefur gengið mjög vel og var stækkun komin á teikniborðið en COVID setti þær fyrirætlanir á ís í bili allavega.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

„Þegar við rákum gistiheimilið þá sáum við hvað fólki líkaði vel að vera svona nálægt vitanum, umhverfið hér í kring er mjög fallett og þegar sveitarfélagið auglýsti lóðir fyrir hótélbyggingu stukkum við á tækifærið og vorum fyrstir að sækja um lóðina þar sem hótelið er. Við höfum framkvæmdir árið 2016 og náðum að opna ári seinna, erum með 26 herbergi og vorum langt komnir með stækkun en COVID setti smá strík í reikninginn og við höldum að okkur höndum. Elsti bróðir minn, Einar, er hættur að vinna og farinn að spila golf og við Þorsteinn erum að reka hótelið saman. Nýtingin á herbergjunum var 95% á síðasta ári, það er fáheyrt í þessum bransa og það sem vantaði upp í 100% var afbókun á síðustu stundu og ekki tókst að selja herbergið. Svona hefur þetta verið allan tímann, þetta er mest ferðafólk sem annað hvort er nýlent eða er að fara af landi brott en þó er farið að bera meira á því að gestir okkar stoppi lengur og skoði Reykjanesið. Ég er sannfærður um að svæðið á helling inni og ekki skemmir fyrir uppbyggingin úti á Reykjaneskaga, svo ég tali nú ekki um Grindavík. Þegar bærinn

opnar aftur mun hann pottþétt virka sem segull á erlent ferðafólk,“ segir Gísli.

Við höfum verið með veitingastað á hótelinu frá 2021 en annar aðili hefur rekið hann, við leigjum bara út aðstöðuna. Tapas-staðurinn El faro var fyrst og var mjög vinsæll og oft á tíðum skapaðist hálfgerð vandamál hjá okkur því bílastæðin voru full. Eigendurnir voru Viktor sonur minn og Jenný tengdadóttir ásamt tveimur kokkum þeim, Alvaro og Inmu. Tengdadóttirin var flugmaður hjá Icelandair og missti vinnuna í COVID og sonurinn í flugnámi hjá Icelandair. Þegar þau byrjuðu aftur að fljúga í fyrri luku þau leik í veitingabransanum ásamt því að Alvaro og Inma eignuðust barn. Nýr aðili tók því við, hann var að vinna á El faro og stofnaði sinn eigin stað, Eos. Þetta er veitingastaður fyrir almenning en langmest eru það gestir hótelsins sem stunda staðinn, sem er sömuleiðis mjög góður.

Svo er spennandi verkefni að fara í gang við hliðina á okkur, nálægt fjörunni á Garðskaga, Mermaid geothermal seaweed spa. Þetta verður baðaðstaða með heitum potti, sjósundi, nuddi o.fl. og þarinn og þangið er m.a. notað. Þetta er mjög spennandi verkefni og mun styðja vel við okkur á hótelinu og aðra í ferðaþjónustugeir-



Gísli í Víðismarkinu á gullaldarárnum Víðis.

anum hér á svæðinu, ég er hjartsýnn á framtíð ferðaþjónustu hér í Garðinum og á Suðurnesjum í heild sinni.“

Gullaldarlið Víðis

Gísli varði mark Víðismanna á ótrúlegum uppgangstíma félagsins á níunda áratugnum en þá

náði liðið að leika á meðal þeirra bestu og var nánast eingöngu skipað heimamönnum. Þegar Víðir komst upp í efstu deild árið 1984 bjuggu tæplega 900 manns í Garði og oftast voru margfalt fleiri áhorfendur á heimaleikjum liðsins. Liðið lék þrjú ár í deild þeirra bestu og lék til úrslita í bikarnum árið 1987. Eftir fall það ár komst liðið

”

Þetta var ævintýri hjá okkur og efa ég að þetta afrek verði leikið eftir, að svo lítið bæjarfélag geti haldið úti liði í efstu deild, nánast eingöngu skipað heimamönnum ...

aftur upp árið 1990 en féll strax árið eftir og síðan þá hefur róðurinn verið þungur. Gísli var lengi viðloðandi starf félagsins og ákvað að taka við formennsku fyrir þetta tímabil.

„Þetta var ævintýri hjá okkur og efa ég að þetta afrek verði leikið eftir, að svo lítið bæjarfélag geti haldið úti liði í efstu deild, nánast eingöngu skipað heimamönnum. Við vorum mjög samheldir og börðumst venjulega meira en andstæðingurinn og það fleytti okkur langt og vorum með frábæra þjálfara. Þegar við komumst upp aftur var ekki sami andi og samstaða og þar með var búið að rífa nokkrar vígtennurnar úr okkur og því stöldrúðum við bara við í eitt ár í efstu deild það árið. Ég er mjög stoltur af því að tilheyra þessum hópi og gaman að segja frá því að í ár eru 40 ár liðin síðan Víðir komst upp í efstu deild og ætlum við sem skipuðum liðið að hittast eftir seinasta heimaleik Víðis, 7. september og gera okkur glaðan dag.“

Ég var búinn að vera í stjórn í fimmtán ár og tók mér pásu en ákvað að gefa kost á mér í formanninn fyrir þetta tímabil og ætla að taka nokkur ár. Ég tel mig búa yfir ákveðinni reynslu, bæði hvað varðar knattspyrnu og eins



Staðsetning hótelsins úti á Garðskaga er einstök enda eru viðbrögð gesta eftir því.

rekstur og tel mig geta látið gott af mér leiða. Þetta er öðruvísi landslag í dag en þegar ég var að spila og við vorum nánast eingöngu með heimamenn. Í dag eru alltaf nokkrir útlendingar í liðinu en svona er þróunin og við verðum að einfaldlega að vinna með þá stöðu," segir Gísli.

Sameining – gervigrasvöllur

Eitt af þeim málum sem nýr formaður knattspyrnudeildar Víðis þarf að takast á við er fyrirhuguð bygging nýs gervigrasvallar, þ.e. hvar völluminn eigi að rísa.

„Það eru auðvitað stór mál í gangi eins og niðursetning nýs gervigrasvallar, ég mun beita mér í því máli. Stjórn Víðis er með áskorun til bæjarráðs sem tekin verður fyrir í vikunni en hún miðar af því að nýr

gervigrasvöllur muni rísa á milli Garðs og Sandgerðis. Þetta verður jú eitthvað dýrari framkvæmd en við erum tilbúnir að bíða þó svo að lengri tíma muni taka að reisa völluminn. Sameining þessara nágrannabæja hefur í raun ekki miklu breytt, það eina að það er komið nýtt nafn en áfram er þetta Garður og Sandgerði. Svona sameining hlýtur að einhverju leyti að eiga snúast um að sameina fólkið en svona einhliða ákvörðun mun ekki gera neitt annað en ala á sundrungu okkar á milli. Það er mikið talað um sameiningu Víðis og Reynis, auðvitað væri það eina vitið því við erum að slást um sömu krónur og sömu leikmennina en svona ákvörðun með að leggja gervigrasvölluminn á öðrum staðnum, er ekki beint til þess fallin að auka líkur á sameiningu félaganna.

Það væri hægt að gera þessa hluti svo miklu betur, ég vona t.d. að skipulagsmál byggingarsvæðis breytist frá því að Sandgerði byggist í átt að Reykjanesbæ, yfir í að byggt verði í átt að Garði. Með því að byggja upp nýtt íþróttasvæði mitt á milli má með tíð og tíma byggja íbúðarhúsnæði þar sem núverandi íþróttasvæði er í bæjunum. Vardandi þennan fyrirhugaða gervigrasvöll þá vona ég að við gefum okkur meiri tíma í verkefnið, látum völluminn rísa mitt á milli og förum að huga að sameiningu liðanna. Svo má ekki gleyma að fótbolti hentar ekki öllum, með því að sameina félögin í eitt félag væri hægt að bjóða upp á fleiri íþróttir.

Samhliða byggingu þessa gervigrasvallar mitt á milli væri auðvitað kjörið að byggja þjónustukjarna, stórar matvöruverlanir,

skóla, leikskóla og fl. Það er ekki nóg að koma með nýtt nafn á sameinað sveitarfélag, við verðum líka að sameina íbúana svo allir rói í sömu átt, þannig byggist upp jákvætt og gott samfélag. Ég vona innilega að bæjarráðið muni ihuga vel þessa áskorun okkar," sagði Gísli að lokum.

”

Svona sameining hlýtur að einhverju leyti að eiga snúast um að sameina fólkið en svona einhliða ákvörðun mun ekki gera neitt annað en ala á sundrungu okkar á milli....



Sandgerðingar og Garðmenn gengu saman frá sitt hvorum staðnum við upphaf Vítahátíðar í Suðurnesjabæ á mánudag og enduðu í Skólamatar kjötsúpu og grilli frá Kjörbúðinni. Svæðið hinum megin við golfskálann er nálægt því að vera miðepillinn á milli Garðs og Sandgerðis, sem margir Garðmenn vilja sjá nýja gervigrasvöll, skóla og fleira rísa.



Hótelstjórinn Gísli Rúnar Heiðarsson er ánægður með gang mála í rekstri hótelsins.



Lið Víðismanna sem tryggði sér sæti í efstu deild knattspyrnunnar eftir sigur í lokaleik á móti Njarðvík á gamla grasvöllum úti á Skaga árið 1984. Djálffari liðsins var Framarinn Marteinn Geirsson.

Gullaldarár Víðismanna

Fyrir fjörutíu árum komust Víðismenn upp í efstu deild karla í knattspyrnu en liðið sigraði í næst efstu deild undir stjórn Framarans Marteins Geirssonar.

Félagið var nánast eingöngu skipað heimamönnum sem æfðu á túninu við Garðskaga og spiluðu þar fyrsta árið í efstu deild áður en núverandi grasvöllur var tekinn í notkun.

Víðismenn léku í þrjú ár samfleytt í efstu deild, fjögur ár alls, og komust í sjálfan bikarúrslitaleikinn árið 1987. Það er ekki hægt annað en að tala um rómantík og öskubuskusögu þegar afrek Víðispilta eru rifjuð upp á þessum tíma. Með frábærum anda og eljusemi tókst þeim að komast í röð þeirra bestu.



Sjólyst í Garði, einnig kölluð Unuhús, stendur í Gerðum í Garði. VF/Hilmar Bragi



Pétur Bragason, Anne Lise Jensen, Kári Sæbjörn Káráson og Ásta Óskarsdóttir í eldhúsinu í Sjólyst þar sem bakaðar eru vöflur allar helgar fyrir gesti og gangandi.

Vöflukaffi allar helgar í húsi Unu

Hollvinir Unu Guðmundsdóttur frá Sjólyst í Garði bjóða til vöflukaffis allar helgar yfir sumarmánuðina í Sjólyst í Garði, sem margir kalla einnig Unuhús. Þar er heitt á könnunni laugardaga og sunnudaga kl. 14-17 en um komandi helgi, á Vitadögum, verður opið frá kl. 13 til 17 laugardag og sunnudag. Tónlistarfólk frá tónlistarskólanum í Garði er væntanlegt báða dagana og verður með tónlistarflutning í þessu hlýlega húsi í Gerðum í Garði.

SUÐURNESJABÆR
Hilmar Bragi Bårdarson
hilmar@vf.is



Ásta Óskarsdóttir, formaður Hollvinafélags Unu Guðmundsdóttur, sagði að Unuhús/Sjólyst hafi verið vel sótt í sumar og gestir komið frá öllum landshornum, austan af fjörðum, að vestan og norðan. Margir sem koma hafa lesið sig til um Unu Guðmundsdóttir og þekkja til sögu hennar. Í vetur verður svo opið fyrir hópa en upplýsingar má nálgast á fésbókarsíðu Hollvina Unu Guðmundsdóttur, „Unuhús/Sjólyst í Garðinum-minjasafn“.

Völva Suðurnesja

Það er áhugavert að nýta sér nýjustu gervigreindartækni og við spurðum því ChatGPT út í Unu Guðmundsdóttur.

„Una Guðmundsdóttir, oft kölluð „Völva Suðurnesja,“ fæddist 18. nóvember 1894 í Garði á Reykjaneskaga. Hún ólst upp í Sjólyst í Garði og bjó þar mestan hluta ævi sinnar. Frá unga aldri var hún

þekkt fyrir sérstaka andlega hæfileika og varð fljótlega kunn spákona á Suðurnesjum. Hún hafði orð á sér fyrir að geta spáð fyrir um framtíðina, og leitaði fólk víða að til hennar í von um ráðgjöf og leiðsögn.

Una var rómuð fyrir innsæi sitt og var sérstaklega virt á sínum heimaslóðum. Hún var oft kölluð „Völva Suðurnesja“ vegna þess hversu nákvæmar spár hennar voru taldar vera. Þrátt fyrir að hún væri án formlegrar menntunar í spáspeki, þróaði hún með sér mikla reynslu og þekkingu á sviði andlegra málefna. Hún bjó yfir miklum lífskrafti og þrautseigju, og náði að sinna þessum hæfileikum sínum allt til dauðadags.

Una Guðmundsdóttir lést 4. október 1978, 83 ára gömul. Hennar er minnst fyrir hlutverk sitt sem völva og fyrir að hafa haft djúp áhrif á þá sem leituðu til hennar á erfiðum tímum. Hún lifir áfram í minningum fólks sem hafði trú á hæfileikum hennar.“ Svo mörg voru þau orð.

Opið allar helgar út september

Í Unuhúsi/Sjólyst verður opið allar helgar út september. Þar er hægt að



Séð inn í stofuna hennar Unu.

fræðast um Unu og skoða litla fall-ega húsið hennar sem hefur verið gert upp af mikilli natni.

Bæjarfélagið stýrði og kostaði endurbygginguna en Hollvinafélagið studdi vel við með öflun styrkja og var með í ráðum. Arki-tekkt framkvæmdanna við húsið var Magnús Skúlason en byggingameistari var Ásgeir Kjartansson sem vann verkið ásamt syni sínum

Bjarka sem einnig er byggingameistari. Sigurður H. Guðjónsson, húsmíðameistari í Sandgerði smíðaði alla glugga í húsið og gaf hann sína ómetanlegu vinnu. Hann smíðaði einnig útidyrhurðirnar. Verkefnið hefur einnig notið stuðnings Húsfriðunarsjóðs og Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja ásamt styrkja frá ýmsum einstaklingum. Á afmælisdegi Unu 2020



Styttan af Manga á Mel stendur vaktina við Sjólyst. Helgi Valdimarsson gerði styttna á sínum tíma. Fyrst stóð hún í flæðarmálinu við Gerðavör en var svo flutt upp á land eftir að sjóvarnir voru endurnýjaðar við húsið.

var endurbótum á Sjólyst lokið og fékk Hollvinafélagið húsið afhent þann dag til varðveislu og reksturs.



Frá kúmentinslu á Garðskaga síðasta sunnudagsmorgun. VF/Hilmar Bragi Bårdarson

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Hljómahöll - Tæknistjóri

Leikskólinn Hjallatún - Deildarstjóri

Velferðarsvið - Starfsmaður í frístundarstarfi (Skjólíð)

Velferðarsvið - Deildarstjóri í heima- og stuðningsþjónustu

Velferðarsvið - Búsetuúrræði fyrir fatlaða í Aspardal

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn.



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTTILEIKANS



Myndarlegir kúmenakrur við Garðskagavita

Nokkrir einstaklingar komu saman á Garðskaga um liðna helgi til að safna vinsælu kryddi. Þar var kúmeni safnað á túninu við Garðskagavita. Hluti túnsins fær að vaxa og er ekki slegið fyrir en á haustin, þegar söfnun á kúmeni hefur átt sér stað.

Viðburðurinn, að safna kúmeni, er skipulagður af Bygðasafninu á Garðskaga, þar sem Margrét I. Ásgeirsdóttir stýrir málum. Hún sagðist í samtali við Víkurfréttir hafa



tekið andköf síðustu dagana fyrir stóra kúmensöfnunardaginn, þar sem ferskir vindar blésu um Garðskaga og mikið af kúmenfræjunum fuku af plöntunum. Þá var hins vegar nóg eftir þegar safnarar mættu á sunnudaginn og opið verður fyrir kúmensöfnun fram á yfir komandi helgi. Þá verður túnið slegið. Það er af öryggisástæðum, því flugeldar hafa kveikt gróðurelda á svæðinu og mikil verðmæti eru í húfi, nái eldar að breiðast út.

Allt starfsfólkið mun koma að stefnumótun leikskólans

■ Arnbjörg Elsa Hannesdóttir er nýráðinn leikskólastjóri nýs leikskóla í Sandgerði sem heitir Grænaborg.

„Við ætlum að móta stefnu leikskólans á þessu fyrsta skólaári, allt starfsfólkið mun fá að taka þátt í stefnumótuninni,“ segir Arnbjörg Elsa Hannesdóttir, nýráðinn leikskólastjóri nýs leikskóla í Sandgerði sem heitir Grænaborg. Leikskólinn opnaði eftir verslunarmannahelgi en útisvæði er óklárað og er stefnt á að framkvæmdum á því verði lokið á næstu mánuðum.

SUDURNESJABÆR

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



Elsa eins og hún er jafnan kölluð var á sínum fyrsta degi í vinnunni þegar blaðamaður bar að garði.

„Ég er á mínum fyrsta degi svo fyrstu vikurnar fara í að kynna starfsfólkinu, börnunum og foreldrum þeirra að sjálfsgöðu. Stefnumótunartíminn er ekki hafin en er í vinnslu, ég hef mínar hugmyndir og mun kynna þær



starfsfólkinu en mun að sjálfsgöðu hlusta á allar tillögur og á endanum mótum við saman stefnu til



framtíðar, sem vonandi allir geta verið ánægðir með. Í leikskólanum sem ég vann í er stuðst við Fjölgreindarkenningu Howards Gardners, hún byggir m.a. á að horfa á styrkleika hvers og eins, barn getur verið sterkt í málgreind, rök- og stærðfræðigreind, rýmis-

greind o.s.frv., og er sú kenning notuð til að byggja upp þá styrkleika og veikleika sem barnið hefur. Ég er hrifin af þessari stefnu og hef meðal annars áhuga á að leggja til að það besta úr henni verði notað en auðvitað líka það sem gildir í öllum leikskólastefnum, frjáls

leikur, lýðræði og virðing en eins og ég segi, við munum öll koma að stefnumótuninni og efa ég ekki að góð stefna verði til sem muni henta þessum leikskóla vel.

Ég er uppalin í Vogunum, hef búið í Reykjanesbæ í rúm tuttugu ár og á ættir mínar að rekja þangað. Ég vann í leikskólanum Hjallatúni og var aðstoðarleikskólastjóri þar undanfarin níu ár.

Mér líst mjög vel á leikskólann Grænaborg, deildirnar eru sex, tvær í hverri álmu fyrir sig, og þær vinna vel saman, húsnæðið er spennandi, hlýlegt og skemmtilegt. Það er hannað með starfsfólk og börn í huga með góðri hljóðvistun sem er svo nauðsynleg í leikskólastarfi. Það verður auðvitað frábært þegar útisvæðið verður tilbúið en sem betur fer er nærumhverfið mjög hentugt, dásamlegur mói fyrir aftan leikskólann og endalaust eitthvað nýtt sem börnin geta kannað.

Ég er mjög spennt fyrir þessu, gaman að taka við nýjum skóla og fá að móta stefnuna, þetta er frábært tækifæri,“ sagði Elsa lokum.



Vertu velkomin(n) til okkar!

Elmar verslunarstjóri og Bryndís taka vel á móti þér og veita þér faglega ráðgjöf fyrir málningarverkefnið þitt.



Flügger

Systurnar láta til sín taka í félagsmálum Garðbúa

Systurnar Gullý og Jóna Sigurðardætur úr Garðinum eru dætur rafvirkjameistarans Sigurðar Ingvarssonar og Kristínar Erlu Guðmundsdóttur sem stofnuðu fyrirtæki sitt, SI raflagnir, árið 1969. Fyrirtækið hefur alltaf verið í Garðinum en er líka með bækistöð í Kópavogi þar sem stór hluti rekstursins fer fram á höfuðborgarsvæðinu og auðvitað á öllum Suðurnesjunum. Systurnar reka skrifstofu fyrirtækisins og hafa lengi látið til sín taka í félagsmálum Garðbúa, eru báðar virkar í kvenfélaginu Gefn og Gullý hefur lengi verið viðloðandi starf knattspyrnudeildar Víðis.



og kona hans, Kristín Erla Guðmundsdóttir, fylgjast bæði vel með því sem er að gerast innan fyrirtækisins.

Vaxið fiskur um hrygg

Jóna segir að ný kynslóð sé nokkurn veginn tekin við af pabba þeirra en sá gamli kíkir ennþá við, tekur til á verkstæðinu og fer í sendiferðir ef þarf. Sigurður

„Pabbi er af þessari kynslóð þar sem engu má henda. Við erum ennþá með fullt af gömlu dóti inni á lager sem ég hef enga trú á að verði nokkurn tímann notað.



Gullý og Jóna Sigurðardætur á skrifstofu SI raflagna. VF/SDD

Þessu fyrirtæki hefur vaxið fiskur um hrygg má segja allar götur síðan pabbi stofnaði það árið 1969 í bílskúrnum hér í Garðinum. Fljótlega var hann búinn að bæta við starfsfólki og þegar mest var voru

starfsmennirnir 36 en í dag eru að jafnaði tuttugu rafvirkjar sem starfa hjá fyrirtækinu. Lengi vel rákum við verslun hér í Garðinum en svo kom að því að við opnuðum búð í Keflavík árið 2006. Vorum þá að selja bæði raftæki og íþrótta-vörur en lokuðum versluninni árið 2017. SI raflagnir er með útibú í Kópavogi, það veitir ekkert af því þar sem við erum með mikla starfsemi á höfuðborgarsvæðinu og með stóran hóp viðskiptavina.

Segja má að þetta sé fjölskyldufyrirtæki, eiginmenn okkar Gullýar eru báðir rafvirkjar og synir okkar vinna líka hjá fyrirtækinu. Elías Líndal, maður Gullýar, er úr Njarðvík og Ólafur Róbertsson, maðurinn minn, er úr Keflavík. Ólafur lék lengi með knattspyrnu-liði Víðis. Segja má að þeir séu teknir við daglegum rekstri fyrirtækisins ásamt okkur systrum en eins og ég segi, pabbi er ennþá með puttan á púlsinum,“ segir Jóna.

Viðir og félagsstörf

Systurnar hafa löngum látið til sín taka í félagsmálum Garðbúa og eru báðar virkar í kvenfélaginu Gefn og Gullý hefur síðan hún var lítil stelpa komið að starfi knattspyrnufélags bæjarins, Víðis.

„Ég man eftir mér ungrri að selja inn á leiki Víðis og hef alltaf tekið

einhvern þátt í starfinu. Gekk fyrst í stjórn þegar ég var átján ára og sömuleiðis hef ég verið í stjórn KSI. Þetta hefur verið mjög skemmtilegur og gefandi tími. Við náðum auðvitað mögnuðum árangri á níunda áratugnum þegar við vorum með liðin okkar í efstu deildum bæði karla og kvenna, nánast eingöngu skipað heimamönnum en þá bjuggu tæplega þúsund manns í Garðinum. Oft voru fleiri á heimaleikjum okkar en íbúafjöldi bæjarins var og er mér til efs að þetta afrek verði nokkurn tíma leikið eftir. Í dag er miklu meira um erlenda leikmenn en við erum búin að sameina barnastarfið með Reyni Sandgerði en stelpurnar fara í fimmta flokki yfir til Reykjanesbæjar og spila með RKVN. Eflaust munu meistaraflokkarnir sameinast á endanum, það getur ekki verið gott að nágrannaliðin séu að slást um sömu krónurnar og sömu leikmenn. Hins vegar þarf margt að gerast í hugsunarhætti beggja aðila áður en meistaraflokkarnir sameinast, við verðum að sameinast inn á við áður en við ætlum að ganga skrefið og sameinast inni á vellinum,“ segir Gullý.

„Við systur óskum Suðurnesjubúum gleðilegra Vitahátíðardaga og skorum á bæjarbúa að taka þátt í hátíðinni og njóta samverunnar saman,“ sögðu systurnar að lokum.



Rafvirkjameistarinn Sigurður Ingvarsson (l.t.v.) ásamt starfsmönnum SI raflagna.

Er það ekkert mál að verða heimsmeistari?

Ásmundur Friðriksson, alþingismaður.

Á undanförunum vikum höfum við getað fylgst með keppendum á Ólympíuleikunum í París frá morgni til kvölds í flestum fjölmiðlum. Frá undirbúningi þeirra fram á keppnisdaga, frá keppninni sjálfri og enn berast fréttir af þeim hvað sé framundan hjá íþróttafólkinu. Ég ber lof á þessa fréttamennsku, því aldrei er of mikið sagt frá íþróttum og gildum þeirra fyrir börn og unglíngja sem hrifast með og eignast sínar stjórnur.

Þrátt fyrir að ég hafi að þessu sinni horft og fylgst minna með en oft áður, naut ég þess engu að síður að fylgjast með úr hæfilegri fjarlægð og upplifði góða frammistöðu keppenda og starfsmanna Ríkisúthvarpsins, þegar ég opnaði sjónvarpið. Þar skemmdi ekki fyrir að gamalt Eyjahjarta tekur alltaf kipp þegar fólk úr okkar ranni stendur sig vel. Aðrir fjölmiðlar voru líka með áberandi fréttalutning frá leikunum og er það vel.

Örkumlast árið 2020 Þrátt fyrir þunnskipað keppnislið okkar fannst mér árangurinn

góður. Það er frábært að eiga fólk sem er um og undir tuttugasta sæti á slíkri íþróttaessu sem Ólympíuleikarnir erum. Við erum smáþjóð að etja kappi við keppendur frá hátt í 200 þjóðríkjum og þá er frábær árangur að komast í undanúrslit, hvað þá lengra.

Þegar keppni á Ólympíuleikunum var í hámarki um verslunarmannahelgina var haldið heimsmeistaramót fatlaðra í pílukasti í Skotlandi. Þangað fór keppandi frá Íslandi, Elínborg Björnsdóttir sem hafði verið afreksíþróttaamaður í sundi og landsliðskona í pílukasti áður en hún slasaðist alvarlega í bílslysi og örkumlast árið 2020.

Af miklum dugnaði og elju hefur Elínborg, sem nú er bundin hjólastól og nýtur aðstoðar allan sólarhringinn, komist til keppni að nýju. Hún var í öðru sæti í sínum flokki, fatlaðar konur í hjólastól á Evrópumeistaramóti í pílukasti fyrir ári síðan og vann sér rétt á heimsmeistaramótið í Edinborg á Skotlandi nú í ágúst. Elínborg gerði sér lítið fyrir og vann mótið og varð heimsmeistari í flokki fatlaðra kvenna í hjólastól.

Er það ekkert mál ...

Það kemur mér á óvart hvað þessum árangri hefur lítil gaumur verið gefin af fjölmiðlum, íþróttaforystunni og ráðamönnum. Og það þrátt fyrir ábendingar. Það er kannski ekkert mál að verða heimsmeistari fatlaðra í pílukasti, vegna þess að afreksstefnan nær ekki til þeirra. Það hefur allavega verið þrautarganga að fjármagna keppnisferðir Elínborgar, og henni jafnvel sýndur lítill skilningur. En vonir hennar stóðu til að heimsmeistaratitill og jákvæð umfjöllun um þann árangur, hjálpaði henni að fjármagna frekari keppnisferðir í framtíðinni. En kannski er heimsmeistaratitill í pílukasti fatlaðra ekkert mál fyrir þá sem hafa ekki séð tærnar á sér í mörg ár. Þeirra glaumur og gleðiskál hljómar alla vega ekki í eyrum heimsmeistarans í pílukasti fatlaðra kvenna í hjólastól, sem spyr sig.

Er það ekkert mál fyrir litla þjóð að eignast heimsmeistara?



Styrkleikar Krabbameinsfélags Suðurnesja

Styrkleikar Krabbameinsfélagsins verða haldnir á Keflavíkurvelli 6.-7. september.

Styrkleikar Krabbameinsfélagsins sýna samstöðu og samkennd þar sem allir geta látið gott af sér leiða fyrir einstaklinga sem greinst hafa með krabbamein og aðstandendur þeirra.

Viðburðurinn er fjölskylduvænn og býður upp á einstaka upplifun fyrir alla, óháð aldri. Styrkleikarnir eru áheitaganga

þar sem þátttakendur skiptast á að ganga með boðhlaupskefli í sólarhring, sem er táknað fyrir að engin hvíld fæst frá krabbameini. Liðin og einstaklingarnir í liðunum er það sem gefur viðburðinum lit. Styrkleikarnir eru kjörð tækifæri til þess að hrista saman fjölskyldur og hópa með sameiginlegt markmið.



VÍKUR fréttir

Öll tölublöð Vikurfrétta frá 1980 og til dagsins í dag eru aðgengileg á **timarit.is**

Fisktækniskóli Íslands kominn með nýtt heimili í Sandgerði

„Fisktækniskólinn hefur alla burði til að stækka,“ segir skólameistari Fisktækniskóla Íslands, Klemenz Sæmundsson. Skólinn hefur allan sinn starfstíma verið í Grindavík þar sem hann var stofnaður en við hamfarirnar í nóvember varð að flytja starfsemina. Eftir millilendingu á Ásbrú varð Sandgerði staðsetningin en þar sem Grindavíkurbær er stærsti eigandinn að skólanum á Klemenz ekki von á öðru en starfsemin verði flutt aftur til baka við fyrsta tækifæri.

Flutningar hafa verið í gangi í ágúst og er allt klárt til að hefja nýtt skólaár.

„Blessunarlega gat Keilir hýst okkur fyrstu vikurnar en það var ansi þröngt á þingi svo við nýttum tækifærið þegar við gátum komist inn í Þekkingarsetrið í Sandgerði. Námið okkar byggist þannig upp að ein önn er tekin í bóklegu námi fram að jólum og svo er verkleg önn eftir áramót. Við kláruðum bóklega hlutann í Þekkingarsetrinu og gátum komist inn í flott vinnsluhús hér í Sandgerði og Garði til að taka verklega hlutann. Sjávarútvegsfyrirtækin hér tóku okkur opnum örmum og erum við þeim mjög

VF MENNTAMÁL

Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is



þakklát fyrir. Í ársbyrjun fórum við að horfa í kringum okkur með húsnæði fyrir þessa haustönn og var bent á þetta húsnæði hér sem áður hýsti leikskólann Sólborg. Byggður var nýr leikskóli, Grænaborg, og hófst starfsemi þar fyrir stuttu og því bauðst okkur þetta húsnæði. Það vill líka svo skemmtilega til að meirihluti nemenda kemur frá Sandgerði svo þetta hentar öllum mjög vel núna.



Fisktækniskóli Íslands er nú í húsnæði sem áður hýsti leikskólann Sólborg í Sandgerði.

Hvað varðar framhaldið þá á ég ekki von á neinu öðru en við færum starfsemina aftur til Grindavíkur, Grindavíkurbær er stærsti eigandinn og því eðlilegt að skólinn sé starfræktur þar. Um leið og atvinnustarfsemi verður komin á fullt sé ég ekki að neitt mæli á móti því að Fisktækniskólinn flytji sig aftur þangað. Grindavíkurbær er mjög vel varinn í dag, þetta síðasta eldgos færði sig fjær bænum svo vonandi er það versta afstaðið. Ef sú er raunin sé ég ekkert því til fyrirstöðu að uppbygging bæjarins hefjist og við hjá Fisktækniskólunum munum ekki láta okkar eftir liggja í þeim efnum.“

Nemendahópur Fisktækniskólans er tvískiptur má segja, annars vegar þau sem mæta og setjast á skólabekk, hins vegar fjarnemar víðsvegar af landinu, sem nýta sér Teams-hugbúnaðinn,

það hefur gengið mjög vel að samtvinnna þetta tvennt en 2/3 nemenda nýta sér fjarnámið. Klemenz hefur mikla trú á framtíðarmöguleikum skólans.

„Fisktækniskólinn hefur alla burði til að stækka, bæði er fiskeldi alltaf að ryðja sér meira til rúms og svo nýtist gæðastjórnunarnámið í öllum matvælaíðnaði. Marel-tækninámið er líka alltaf að verða vinsælla, allur matvælaíðnaður í dag nýtir sér tæknina og því hentar það nám mjög vel líka. Námið byggist annars þannig upp að fisktækninámið er tvö ár, þ.e. tvær bóklegar annir og tvær verklegar. Eftir það fer fólk annað hvort út á vinnumarkaðinn eða bætir á sig gæðastjórnun, fiskeldi eða Marel-tæknináminu. Fólk hefur líka möguleika á að gangast undir raunfærnimat ef það hefur klárað einingar í framhaldsskóla og er

”

Fisktækniskólinn hefur alla burði til að stækka, bæði er fiskeldi alltaf að ryðja sér meira til rúms og svo nýtist gæðastjórnunarnámið í öllum matvælaíðnaði ...

með starfsreynslu í greininni, þá er hægt að stytta grunnnámið og jafnvel að sleppa við það og komast beint inn á þriðja árið í sérhæfingarnámið.

Ég minni í lokin á að við verðum með opið hús milli 10 og 17 á föstudaginn þar sem við kynnum skólann,“ segir Klemenz.



Skólameistari Klemenz Sæmundsson á skrifstofu sinni.

Mikilvægi menntunar í sjávarútvegi

Eins og flestum er kunnugt hefur Fisktækniskóli Íslands í Sandgerði það hlutverk að mennta fólk í sjávarútvegi að loknum grunnskóla og býður ungu fólki á Suðurnesjum og víðar upp á nám á framhaldsskólastigi á sviði veiða, vinnslu og fiskeldis. Námið er tveggja ára nám í fisktækni og enn fremur er hægt að sérhæfa sig í veiðafæratækni, gæðastjórnun, fiskeldi og vinnslutækni (í samvinnu við Marel) með því að taka þriðja árið.

Skólinn er í samstarfi við aðra framhaldsskóla á landinu sem og fiskeldis- og fiskalífæðeild Háskólans á Hólum og hefur á síðustu árum útskrifað fjölda fisktækna og sérhæfða fiskeldisstarfsmenn um allt land. Skólinn býður enn fremur upp á ýmis námskeið í samstarfi við símenntunarmiðstöðvar um allt land og nægir að nefna sérhæfingu í fiskvinnslu sem og HACCP-námskeið og síðan er boðið upp á smáskipanám á báta fimmtán metra og styttri sem og vélstjórn 750 KW og er aðsókn góð.

Þýðing Bláa hagkerfisins fyrir íslenskt samfélag.

Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu gríðarlega mikilvægur sjávarútvegurinn, fiskvinnslan og fiskeldið, er fyrir íslenskan efnahag og framtíð landsins. Bláa hagkerfið hefur verið lífæð þessarar þjóðar og mun vera um ókomna tíð, þrátt fyrir óáran og hrun stendur það alltaf upp úr rústunum og kemur okkur á lappirnar aftur, sjávarútvegur í sinni víðustu merkingu hefur verið og mun áfram vera hornsteinn íslensks atvinnulífs. Við flytjum út fiskafurðir til allra heimshorna og á bak við þennan útflutning liggur ótrúleg vinna við markaðssetningu og gríðarmikil þekking sem byggist hefur upp á undanförunum árum og áratugum. Þekking á sviði laga, tækni, flutninga, samskipta og þjónustu sem hefur gert okkur kleift að flytja hina fjölbreyttu flóru fiskafurða á diska neytenda út um allan heim.

Við Íslendingar erum í fremstu röð hvað varðar umhverfisvænar veiðar, sjálfbærni veiða

og meðferðar á afla og athygli umheimsins á þessum þáttum í veiðum og vinnslu hefur aukist gífurlega á síðustu misserum. Í raun og sann má segja að þessi atvinnugrein sé á hraðri leið í þá átt að verða hátæknigrein sem kallar stöðugt á sérmenntað fólk til starfa. Hér á Suðurnesjum hafa fyrirtæki verið leiðandi í því að auka verðmæti fiskafurða og nægir að nefna þá miklu aukningu sem átt hefur sér stað í vinnslu ferskra fiskafurða sem fluttar eru daglega flugleiðis austur og vestur um haf frá Keflavíkurflugvelli. Eins má nefna fiskeldið sem er atvinnugrein í mikilli sókn og óvíða eru skilyrði til þess betri en hér á Suðurnesjum og sér fram á mikla uppbyggingu í þeirri atvinnugrein hér á svæðinu.

Mikil eftirspurn eftir þekkingu

Gríðarleg eftirspurn er eftir fólki sem hefur sérhæft sig í þessum greinum sjávarútvegsins og má með sanni segja að framtíðin sé björt hvað varðar vel launuð störf í sjávarútvegi, fiskvinnslu, veiðar-



Einn frægasti ferðamannastaður Noregs er Prédikunarstóllinn, Preikestolen, sem er gríðarlegt 605 metra hátt bjarg yfir Lysefjorden skammt frá Stafangri. Lofthæddir kannski leiti annað. Þarna má sjá nemendur Fisktækniskólans á klettinum.

færatækni og fiskeldi hér á Suðurnesjum og gegnir Fisktækniskólinn í Sandgerði lykilhlutverki í því að búa nemendur, jafnt unga sem og þá sem eldri eru undir að starfa í þessu skemmtilega starfs- umhverfi. Nemendur sem stundað hafa nám við skólann, sama hvort það er í staðnámi, fjarnámi eða á námskeiðum, eru flestir á einu máli um það að skólinn sé frábær undirbúningur fyrir þá sem hasla vilja sér völl í sjávarútvegs- tengdum störfum.

Menntun er lykillinn að sjálfbærri þróun og friði og stöðug-

leika innan og meðal þjóða og þar með nauðsynleg leið til virkrar þátttöku í samfélögum og hagkerfum tuttugustu og fyrstu aldarinnar. Enn geta nemendur skráð sig til náms í skólanum og hvetjum við ungt fólk sem er að leita sér að hagnýtu námi að hafa samband.

Skólaakstur er á Suðurnesjum.

Símanr. 6637786 – Páll Valur.
8957105 – Ásdís Páls.
8959299 – Þórdís Daníels



Útskriftarhópur Fisktækniskóla Íslands.



Eldfjótur og stefnir langt

Knattspyrnumaðurinn Freysteinn Ingi Guðnason hefur vakið athygli síðustu tvö tímabil með Njarðvíkingum en hann varð yngsti leikmaðurinn í sögu meistaraflokks Njarðvíkur þegar honum var skipt inn á í leik gegn Ægi í annarri deild, þá einungis fjórtán ára gamall. Rúmu ári síðar, þá nýorðinn sextán ára, skoraði hann fyrsta markið sitt í meistaraflokki og varð þar með yngsti markaskorari Njarðvíkur. Þessi eldfjótí framherji stendur nú í eldlínunni með liði sínu í toppbaráttu Lengjudeildarinnar.

Freysteinn var sex ára gamall þegar hann byrjaði að æfa fótbolta og segist hafa prófað fleiri íþróttagreinar.

„Ég var samt aðallega í fótbolta og körfubolta þangað til ég var svona tólf ára, þá hætti ég í körfuboltanum og fór að einbeita mér að fótboltanum,“ segir hann þegar Vikurfréttir ræddu við hann í byrjun vikunnar.

„Ég hef alltaf verið gallharður Njarðvíkingur en mamma er frá Akureyri og þegar ég var lítill og við fórum til Akureyrar á sumrin þá æfði ég með KA. Annars hef ég alltaf bara verið Njarðvíkingur.“

Eldfjótur framherji

Hefurðu alltaf verið í sókninni?

„Í yngri flokkum var ég varnarmaður, vinstri bakvörður. Síðan fór ég á miðjuna en síðustu svona fimm, sex ár hef ég verið framherji. Hraðinn minn er einn af mínum styrkleikum og ég verð að nýta mér hann eins vel og ég get.“

Nú hefur þú haft nokkra þjálfara á ferlinum, hvaða þjálfari hefur kennt þér mest?

„Ég hef lært mikið af öllum þeim frábæru þjálfurum sem ég hef haft hjá Njarðvík, ég hef t.d. bætt mig mikið hjá Gunnari Heiðari síðast-“

liðið ár. Ég verð samt líka að nefna Lúlla og Ólaf Inga hjá landsliðinu, þeir hafa kennt mér mjög mikið, sérstaklega varðandi varnarleik.“

Þú varðst yngsti leikmaðurinn í sögu Njarðvíkur þegar þú varst ekki nema fjórtán ára gamall. Manstu vel eftir leiknum?

„Já, það var á móti Ægi heima í annarri deildinni. Við unnum sex núll.“

Svo skoraðir þú fyrsta markið gegn Grindavík í fyrra. Það hlýtur að hafa verið sætt.

„Það var bara mjög góð tilfinning að skora mitt fyrsta mark í Íslandsmóti – og líka á heimavelli.“

Hefur vakið áhuga út fyrir landsteinana

Freysteinn hefur verið fastamaður í yngri landsliðum Íslands síðustu ár og hefur ferðast með landsliðinu til Færeyja, Möltu, Ungverjaland, Írlands og Finnlands. Þá hefur honum einnig verið boðið til æfinga með erlendum félagsliðum.

„Það er alltaf góð upplifun að prófa að æfa með liðum úti. Það er mikill munur að fara út að æfa. Ég hef farið tvisvar til Danmerkur“



Freysteinn í leik með U15 landsliði Íslands gegn Færeyjum. Ljós.: Hans Erik Danielsen



Freysteinn Ingi fagnar fyrsta markinu fyrir Njarðvík sem hann skoraði í leik gegn Grindavík á síðasta tímabili. VF/JPK

og einu sinni til Þýskalands, ég fór til Þýskalands í mars á þessu ári og mér finnst mikill munur á aðstæðum þarna úti og hér heima. Mér finnst líka gaman að prófa nýja hluti og það gerir mig klárlega að betri leikmanni að fá tækifæri til að prófa svona.“

Þú stefnir væntanlega á atvinnu- mennsku við fyrsta tækifæri.

„Það er alltaf stefnan en í dag er ég bara að fókusa á Njarðvík og að standa mig vel þar. Svo kemur hitt bara seinna.“

Þið Njarðvíkingar hófuð mótið af miklum krafti en misstuð svo aðeins dampinn en eruð í hörkuséns núna. Það er rosalega spennandi staðan í deildinni

núna þegar þrjár umferðir eru eftir.

„Já, það eru allir leikir núna fiftí-fiftí. Þetta er mjög spennandi og við ætlum klárlega að koma okkur upp, það er markmiðið okkar. Njarðvík hefur aldrei spilað í efstu deild og besti árangurinn er sennilega sjötta sætið í Lengjudeildinni, þannig að við förum að toppa einhver met ef við förum hærra en það.“

Byrjum á því að komast í þessi playoffs og svo sjáum við hvað gerist eftir það. Næsti leikur er úti gegn Aftureldingu en svo tökum við á móti Keflavík á Ljósanótt – það verður eitthvað,“ sagði Freysteinn að lokum og er augljóslega spenntur fyrir nágrannaslagnum sem skiptir bæði lið gríðarlega miklu máli.

Lengjudeild karla:

Njarðvík og Keflavík í baráttunni á toppnum



Keflavík og Njarðvík skildu jöfn (1:1) í fyrri viðureign liðanna í sumar en grannaliðin eiga að mætast á heimavelli Njarðvíkinga í næstsíðustu umferðinni. VF/JPK

Njarðvík og Keflavík eru meðal efstu liða í Lengjudeildinni þegar þrjár umferðir eru óleiknar. Bæði lið hafa 31 stig og eru með sama markahlutfall en Njarðvíkingar hafa skorað einu marki fleiri, nýliðar ÍR eru einnig með 31 stig en lakara markahlutfall.

Það er ljóst að síðustu umferðirnar verða gríðarlega spennandi og ekkert lið má við því að mistíga sig á lokametrinum því Afturelding er með 30 stig í sjötta sæti en liðin sem hafna í öðru til fimmta sæti leika til úrslita um laust sæti í Bestu deild karla að ári. Það lið sem stendur uppi sem deildarmeistari er öruggt upp.

Grindvíkingar eru í áttunda sæti með 24 stig, ekki lengur í fallhættu en eiga fræðilegan möguleika á að komast í umspilið vinni þeir alla sína leiki og önnur úrslit verði þeim hagstæð.

Njarðvík - Grótta 1:0

Njarðvíkingar náðu loks að landa sigri eftir þrjá jafnteflisleiki þar á undan. Það var Kaj Leo í Bartalstovu sem gerði út um leikinn með

glæsismarki þar sem hann hamraði boltann í netið utan teigs (33').

Þróttur - Keflavík 3:2

Keflvíkingar misstigu sig í Laugarðalnum þegar þeir léku gegn Þrótti í baráttuleik þar sem mikið var skorað. Liam Daði Jeffs kom heimamönnum yfir í fyrri hálfleik en Axel Ingi Jóhannesson jafnaði metin með þrumufleyg í sam-skeytin af löngu færi (53').

Emil Skúli Einarsson kom Þrótti yfir að nýju rúmunum tíu mínútum síðar (65') en Mihal Mladen skoraði fimmta mark sitt í sjö leikjum með Keflavík og jafnaði á nýjan leik (79').

Það voru Þróttarar sem áttu síðasta orðið og skoruðu sigurmarkið í uppbótartíma (90'+3).



Dagur Ingi Hammer hefur skorað tíu deildarmörk fyrir Grindavík í sumar.

Dalvík/Reynir - Grindavík 1:7

Þótt Grindvíkingar hafi lent undir á tíundu mínútu gegn botnliðinu um helgina létu þeir það ekki slá sig út af laginu. Grindvíkingar voru seinir í gang en þegar markastíflan að lokum brast rigndi mörkunum hreinlega og urðu þau sjö talsins. Mörkin skoruðu: Dagur Ingi Hammer Gunnarsson (39' og 56'), Josip Krznaric (50'), Adam Árni Andersen (67' og 81'), Daniel Arnaud Ndi (76') og Kristófer Konráðsson (88').

Vinur minn tannlæknirinn

Svipað og með stjórnmalaflokka hef ég ekki verið sérlega fastheldinn á tannlækna í gegnum lífið. Meira lítið á þá eins og bíla- viðgerðarmenn sem takast á við allskonar bilanir sem upp koma, með þeim tækjum og tólum sem þeir hafa yfir að ráða. Man enn eftir fyrsta tannlækninum mínum í Kópavogi sem virtist bara eiga naglbít og eitthvað af tögum og borum. Var alltaf skít-hræddur við hann. Hann var ekki vinur minn og ekki reiknaði ég með að slíkur yrði nokkru sinni vinur minn. En það gerðist.

Sá var svona hugljúfi allra. Hann vandaði deyfingar sínar vel, svo vel að á meðan hann hamaðist í munnum á mér gátum við að mér fannst oft geta átt gott samtal. Fyrir utan tannlæknastofuna áttum

við einnig oft gott spjall, um allt milli himins og jarðar. Þegar kom að stjórnmalum verð ég að viðurkenna að oftast var það ég sem talaði, hann hlustaði. Það var ljóst að fyrir einar kosningar vorum við ekki sammála um kvótann og sjávarútvegsmál, þó hann segði ekki mikið.

Fimm dögum fyrir kosningar kallaði hann mig til sín. Þetta var einn einn af þessum fallegu vordögum, sólin skein og fuglarnir sungu. Ég mætti og settist í stólinn, hélt að þetta tæki fljótt af, og gæti farið aftur og notið blíðunnar. Tannlæknirinn með sinni stólsku ró gaf „klínkunn“ fyrir mæli um hvað hann vantaði. Ég beið rólegur en sá þó undrunarsvip á „klínkunn“, ákvað samt að segja ekkert á meðan hann var að deyfa

mig, með sprautuna á fullri ferð. Það væri hættulegt.

Um leið og hann byrjaði aðgerðina, byrjaði hann líka að tala. Róin sem venjulega fylgdi honum var horfin. Bunan stóð út úr honum. Hann byrjaði á að útskýra fyrir mér allskonar í kringum kvóta og útgerð, um leið og hann útskýrði fyrir mér að hugmyndir þeirra sem vildu breytingar þar, gengju ekki upp. Ég hugsaði að annað hvort væri hann að misskilja boðskapinn, eða hann vildi bara ekki þessar breytingar. Ég varð að svara, þrátt fyrir yfirburðastöðu hans þá stundina.

Ég beið rólegur eftir að hann hætti að bora og slípa, ætlaði að vera tilbúinn þegar að tækifærið gæfist. Skyndilega hætti hann að slípa, og varð rólegur. Byrjaði að

LOKAORÐ



HANNESAR FRIDRIKSSONAR

tína út úr mér bómullinn og bað mig að skola. Nú var komið að mér. Fann strax að eitthvað var ekki eins og það átti að vera. Orðin voru þar, en kjálkinn hreyfðist ekki. Hann horfði á mig og sagði. „Heldurðu virkilega að ég fari að tala við þig um pólitík án þess að deyfa þig alveg.“



Mundi

Ríf úr þér tennurnar...la..la..la...ef þú ert ekki sammála mér!

Mörg fyrirtæki í áhugaverðri starfsemi

■ sagði Krístrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, eftir heimsókn til Reykjanesbæjar

„Reykjanesbæ er eitt stærsta atvinnusvæði landsins og það var gott að koma og taka aðeins púlsinn á nokkrum stöðum. Það er ljóst að áskoranir eru margar. Til framtíðar lítið er mikilvægt að styrkja fjölbreytni atvinnulífsins á svæðinu en það var mjög gott að taka samtalið á nokkrum stöðum enda mörg áhugaverð fyrirtæki í Reykjanesbæ,“ sagði Krístrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar sem heimsótti nokkur fyrirtæki í bæjarfélaginu í síðustu viku. Með henni voru m.a. bæjarfulltrúar og félagar úr Samfylkingunni í Reykjanesbæ.

Krístrún segir að það hafi komið skemmtilega á óvart að heimsækja nokkur nýsköpunarfyrirtæki því margir áliti sem svo að margir aðilar séu með starfsemi sem tengist ferðaþjónustu sem er stærsta grein Suðurnesja. Hún nefndi þar m.a. Algalíf og GeoSilica á Ásbrú,

Fjölbrotaskóla Suðurnesja og Skólamat í Keflavík. „Þetta voru skemmtilegar heimsóknir. Maður fræðist svo mikið þegar maður mætir á staðinn. Starfsemin í Fjölbrotaskólanum er sterk og þegar við tölum um að auka þurfi fjölbreytni í atvinnulífinu verður



Samfylkingarheimsókn. F.v. Guðný Birna Guðmundsdóttir, forseti bæjarstjórnar Reykjanesbæjar, Oddný Harðardóttir, þingmaður, Krístrún Frostadóttir, formaður Samfylkingarinnar, Páll Ketilsson, ritstjóri VF, Aðalheiður Hilmarsdóttir og Sigurrós Antonsdóttir varabæjarfulltrúar og Sverrir Bergmann, bæjarfulltrúi. VF/Hilmar Bragi

manni hugsað til iðnnáms sem þarf að efla enn meir. Ég var heilluð að sjá öflugan starfsemi Skólamatar. Ég á barn á leikskólaaldri og því var ég forvitinn að fræðast um starfsemi fyrirtækisins sem hefur stækkað mikið. Þar er mikill metnaður

og þróun á ferðinni í flottu fyrirtæki sem hugar vel að næringu og hollustu í skólamat til barnanna okkar. Svo heimsóttum við Hótel Keflavík og þar hefur aldeilis verið áhugaverð uppbygging og stækkun í gegnum tíðina. Við höfum heim-

sótt um 200 fyrirtæki á árinu um allt land og erum ekki hætt. Við munum koma aftur og kynna okkur betur fleiri þætti á Suðurnesjum í haust, m.a. útlendingamálin í næstu heimsókn,“ sagði Krístrún.

Ljósanæturtilboð

30% afsláttur af öllum vörum.

Annað þar fylgir öllum margskiptum glerjum.

Tilboðið gildir 6. ágúst til 7. september.

Optical Studio

REYKJANESBÆR

Hafnargata 45 | 421-3811 | opticalstudio.is